

Fundargerð Dansþings 2023

Dansþing Dansíþróttasambands Íslands haldið þann 22. maí 2023 kl. 17:30 í fundarsal ÍSÍ á 3. hæð að Engjavegi 6 Laugardal, Reykjavík.

Dagskrá Dansþings samkvæmt lögum DSÍ:

A) Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög félagsins.

Atli Már Sigurðsson formaður DSÍ setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann stingur upp á Valdemar Leó Friðrikssyni sem þingforseta og Kristínu Hlynisdóttur sem þingritara. Það einróma samþykkt.

B) Kosning þingforseta og þingritara.

Valdimar Leó Friðriksson kosinn þingforseti og Kristín Rós Hlynisdóttir kosin þingritari. Þau taka þegar til starfa. Engar athugasemdir við lögmæti þingsins.

C) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Samþykkt var að skipa í nefndina eftirfarandi: Heiðrúnu Svanhvíti Níelsdóttir HK, Katrínu Dögg Ásbjörnsdóttur DÍK og Lindu Heiðarsdóttur DÍH. Nefndin fór yfir kjörbréf og var niðurstaðan eftirfarandi um fjölda fulltrúa: DÍK 11, HK 13, DÍH 8, Hvönn 6, DR 4. Samtals voru því 42 fulltrúar.

D) Skýrsla stjórnar.

Atli Már Sigurðsson DÍH, flutti skýrslu stjórnar.

E) Reikningar lagðir fram og skýrðir.

Atli Már Sigurðsson DÍH, fór yfir reikninga og útskýrði.

F) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Ólafur Már Hreinsson gerir athugasemd við efnahagsreikning 2021, bendir á misræmi í niðurstöðu í reikningnum núna samanborið við niðurstöðu sem lögð var fram á síðasta þingi. Bergrún Stefánsdóttir svarar því að greiðslur hjá lánadrottni hafi verið fært rangt milli ára. Ólafur gerir einnig athugasemd við útreikning á efnahags- og rekstrarreikningi fyrir árið 2022 sem þarf að leiðrétta (innsláttarvilla). Samþykkt var að reikningurinn verði leiðréttur eftir þingið og breytingin send á öll aðildafélög til samþykktar.

G) Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins borin undir atkvæðagreiðslu.

Skýrsla samþykkt samhljóða.

Leiðrétta þarf efnahagsreikning fyrir árið 2022 og senda breytingu á aðildafélögin til samþykktar. Það verkferli á reikningnum var samþykkt samhljóða.

H) Fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

Atli Már Sigurðsson fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs. Ólafur gerði athugasemd við lækkun á launalið skrifstofu og lækkun á húsnæðisleigu þar sem vanin er að þessir liðir hækki milli ára. Atli talar um að þetta sé áætlun og þurfi að skera niður til að mæta tapi síðasta árs. Einnig tekur Atli

fram að árið 2022 var ráðinn afreksstjóri sem ætti að vera undir öðrum lið í reikningnum þ.e. landsliðshlutanum ekki skrifstofu. Þetta útskýrir há laun skrifstofu. Atli er sammála um að það ætti að hækka húsaleiguna til að gera áætlunina raunhæfari. Samþykkt var á fundinum að breyta þessum liðum á staðnum. Ólafur gerði einnig athugasemdir við liðinn „leiga á búnaði og tölvubúnaði“ sem var árið 2022 tæplega 4,2 milljónir en í áætlun skráð 500.000 kr. Svaraði Bergrún að reikningur fyrir streymið árin 2020 og 2021 hefði borist 2022 og gjaldfærður þá.

I) Ávörp gesta

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti þingi kveðjur frá forseta og stjórn ÍSÍ. Talar um mikilvægi sjálfbærliða og þeim sem koma að starfsemi aðildafélaga, mikilvægi að standa saman til að gera sambandið sterkara. Sjálbærni, gegnsæi, góðir stjórnunarhættir og hegðunarviðmiði sé fylgt eftir og mikilvægt að sambandið taki á því svo það spegli sér til aðildarfélaganna. Verkefni þurfa að vera skemmtileg og öryggi í starfseminni. Nýjir aðilar þurfa fá leiðsögn um stefnur og fyrirkomulag sambandsins. Auka þarf fjárveitingar til íþróttastarfseminnar og bæta húsnæðisaðstöðu sambandanna og reikna það inn sem tekjur í bókhaldi félaganna. Afreksstefnan og tekjur þurfa að vera skýrari, hvaðan þær koma. Húsnæðisframlög eru líka tekjur því það þarf að meta með hvaða hætti tekjur eða styrkir koma inn. Félagin þurfa að skoða hvort standi í lögum hvort ársreikningur þurfi að vera lagður fram af endurskoðendum eða ekki, mikilvægt að lögum sé fylgt. Andri endaði á því að óska nýrri stjórn góðs gengir og mikilvægt að stjórnin leiði félagið í rétta átt.

J) Tillögur mótanefndar um tímasetningar dansíþróttamóta næsta keppnistímabil.

Kjartan Birgisson formaður mótanefndar leggur fram tillögur um dagsetningu móta. RIG 4. febrúar.

16.- 17. febrúar. Íslandsmeistaramót í standard, bikarmeistaramót í latin.

9.- 10. mars. Íslandsmeistaramót í latin, bikarmót í standard. Bikarmót í grunnsporum.

20.-21. apríl. Íslandsmeistaramót í 10 x dösnum, Íslandsmeistaramót í grunnsporum.

Kom ábending um að það vantaði NEC í tímasetninguna.

K) Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.

Engar lagabreytingar.

L) Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga samkvæmt tillögum uppstillingarnefndar.

Kosning til formanns stjórnar:

Helga Björg Gísladóttir. DÍK

Var ein í framboði til formanns og því sjálfkjörin.

Kosning til stjórnar:

Kara Arngrímsdóttir. Er á seinna ári DR – verður áfram

Ólafur Már Hreinsson til 2 ára HK

Atli Már Sigurðsson til 2 ára DÍH

Svala H. Friðgeirsdóttir til 1 árs Hvönn. Tekur við af Helgu Björg Gísladóttur.

Ólafur og Alti voru einir í framboði til 2 ára og því sjálfkjörnir.

Kosning varamanna í stjórn.

Árni Sigurgeirsson varamaður HK.

Þórunn Anna Ólafsdóttir varamaður DÍK.

Voru einu í framboði til varamanna og því sjálfkjörin.

Kosning skoðunarmanna reikninga:

Sigríður Biering DÍK.

Heiðrún Svanhvít Níelsdóttir HK.

Voru einar í framboði skoðunarmanna og því sjálfkjörnar.

M) Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Stjórn mun ákveða fulltrúa síðar.

N) Önnur mál

- a) Tekjur af lottó hafa aukist.
- b) Atli fer yfir og leggur fyrir þingið til samþykktar afreksstefnu til næstu 5 ára. Stefnan er að vera með 10-15 pör í landsliðhópi í senn. Breyta þarf í liðnum um markmið að samkvæmt aldri á að skrá „Unglingar 2“ í stað „Ungmennna“. Ekki komu aðrar athugasemdir og afreksstefna samþykkt samhljóða.
- c) Ólafur kemur með athugasemd til stjórnar þar sem hann óskar eftir upplýsingum um verkefni HÍ sem var að upphæð 2 milljónir króna. Atli segist ekki vita stöðuna á því verkefni núna.
- d) Heiðrún (HK) talar um landsliðsmálin og spurði um hver áætlunin væri fyrir árið 2023. Talar um að 3 ár séu liðin síðan landsliðsþjálfarar voru reknir og að lítil sem engin starfsemi væri. Er þetta landsliðsstefnan sem við viljum og börn spyrja hvað hef ég upp úr þessu. 4 keppnir á ári og annars ekkert. Atli svaraði að nú verði kosin ný landsliðsnefnd eftir að ný stjórn hefur verið kjörin. Landsliðsþjálfarar sem voru vildu ekki endurnýja breyttan samning við félagið, þeir voru ekki reknir. Stjórn sem tók við síðast óskaði eftir fólki í landsliðsnefndina og voru bara þrír sem buðu sig fram. Ný stjórn mun óska eftir fólki til starfa í landsliðsnefnd og mun stjórnin fara yfir hversu mikið fjármagn er eftir af árinu og gera áætlanir í samræmi við það. Heiðrún spyr aftur hvort það sé áhugaleysi og metnaðarleysi sem valdi þessum vanda. Hún vill að foreldrar barna hafi rödd og geti komið í nefninda. Umræður eru um að hvert þar geti valið sér landsliðsþjálfara. Atli svarar að mikilvægt sé að efla landsliðsstarfið og skipa góða nefnd. Að bæta þurfi áætlun og fjárhagsáætlun nefndarinnar.
- e) María Tinna var í landsliðinu og kemur með þá athugasemd hvers vegna pör í landsliðinu megi ekki æfa og keppa saman með öðrum félögum. Það vanti samstarf milli aðildafélaga um að pörin fái að æfa saman milli félaga.
- f) Ellen DÍK kemur með athugasemdir um rennsli í danskeppnum fyrir barnaflokka.

- a. Kom inn á að óþarfi sé að hafa 20 mín á milli kynningarumferðar og keppni hjá börnum.
 - b. Talar um að hafa ekki bara einn flokk í kynningu úti á gólfi heldur fleiri saman.
 - c. Talar um að skoða klæðareglur, að vera með okkar eigin klæðareglur.
 - d. Talar um að börn í einum dansi, 7 ára og yngri ættu að dansa í eigin fatnaði.
 - e. Talar um að í reglum megi 7 ára og yngri kepa í einum dansi en í sóló er keppt í tveimur. Bergrún segir að það megi bara dansa í einum dansi í þessum aldurshópi.
- g) Kara talar um mikilvægi þess að hugsa til þess að þetta sé allt sjálfböðastarf innan íþróttahreyfingarinnar og að það sé dýrmætt. Hlúa þurfi vel að öllum í stjálfböðavinnu og gera vel við þá, leyfa þeim að finna að þeir séu velkomnir. Sjálfböðaliðar eru að fórna sínum frítíma til að hjálpa til.
- h) Andri DÍH talar um að rennsli á mótum fyrir yngri keppendur sé stundum mjög stutt. Börnin fá styttri pásur milli dansa samanbörð við eldri dansara. Þetta gæti bitnað á afreki þeirra í dansi. Þetta eigi sérstaklega við þau sem dansa fjóra eða fimm dansa.

O) Þingslit

Helga slítur fundi kl. 19:31.

Þannig fram farið
Kristín Rós Hlynsdóttir
Þingritari